
Stofna eða breyta lykilorði í Menntaský


Skref fyrir skref fyrir nemendur og starfsfólk FAS

1 Farðu á fas.is, opnaðu valmyndina Þjónusta og veldu Lyklakippa-Menntaský.



Undir Þjónusta er tengillinn Lyklakippa-Menntaský.

2 Skráðu þig inn með rafrænum skilríkjum í síma. Sláðu inn símanúmer og veldu Auðkenna. Einnig má nota Auðkennisappið eða skilríki á korti.




Innskráningarsíða Lyklakippunnar með rafrænum skilríkjum.

Veldu að breyta lykilorði

Eftir innskráningu birtist forsíða Lyklakippunnar.

3 Í reitnum Lykilorð skaltu velja hnappinn Breyta. Reiturinn fyrir tveggja þátta auðkenningu er aðeins notaður þegar endurstilla þarf slíka auðkenningu.




Forsíða Lyklakippunnar. Veldu Breyta undir Lykilorð.

Athugið: Nafnið efst á síðunni er nafn þess sem skráði sig inn og verður því annað hjá hverjum notanda.

Veldu og staðfestu nýtt lykilorð

Á síðunni Breyta lykilorði velur notandinn skóla og skráir nýja lykilorðið tvisvar.

4. Veldu Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu í fellilistanum Veldu stofnun.
5. Sláðu inn nýtt lykilorð í reitina Nýtt lykilorð og Staðfestu nýtt lykilorð. Mælirinn á síðunni þarf að sýna að lykilorðið sé öruggt.
6. Smelltu á Breyta lykilorði og bíddu eftir staðfestingu.



Eyðublaðið þar sem stofnun er valin og nýtt lykilorð skráð og staðfest.

Kröfur og góð ráð

- Notaðu langt og einstakt lykilorð. Miðaðu við að minnsta kosti 12 stafi.
- Notaðu blöndu af hástöfum, lágstöfum, tölustöfum og táknum.
- Ekki nota nafn, notandanafn eða augljósar persónuupplýsingar.
- Ekki deila lykilorðinu með öðrum. Notaðu öruggan lykilorðastjóra ef þörf er á.